



Samtök um kynheilbrigði
www.kynheilbrigdi.is

Reykjavík, 22. nóv. 2023

Efni: Frumvarp til laga um tæknifrjóvgun...og lög um ófrjósemisaðgerðir

Samtök um kynheilbrigði fagna því að íslenska ríkið ætli sér að taka meiri þátt í kostnaði við tæknifrjóvgun en gert hefur verið. Það er réttlætismál fyrir þá sem eiga við ófrjósemi að stríða og auðveldar þeim að geta mögulega eignast barn.

Samtökin telja það mjög sérkennilega röksemdafærslu sem fram kemur í frumvarpinu og felst í því að auka réttarstöðu eins hóps í samfélaginu með því að skerða rétt annars hóps. Þeir sem eiga við ófrjósemi að stríða skuli taka réttindi af þeim sem kjósa að fara í ófrjósemisaðgerð. Samtökin leggja til að þessi tvö mál verði aðskilin og að frumvarp varðandi ófrjósemisaðgerðir verði fellt niður.

Helstu rök samtakanna eru þessi:

Þess skal geta að réttur þeirra sem kjósa að fara í ófrjósemisaðgerð án endurgjalds hefur verið til staðar í íslensku samfélagi í um hálfu öld, ef ekki lengur. Lög nr. 25 frá 1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir kváðu á um rétt einstaklingsins til þess að fara í ófrjósemisaðgerð án endurgjalds. Þar segir í 29. gr.: „sjúkratryggingar almannatrygginga greiði sjúkrakostnað vegna ...ófrjósemisaðgerða“. Í nýjum lögum um ófrjósemisaðgerð nr. 35 frá 2019 segir svo í 7. gr.: „Ófrjósemisaðgerðir skulu vera gjaldfrjálsar fyrir einstaklinga sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar“. Þegar þessi réttur til að fara endurgjaldslaus í ófrjósemisaðgerð var tryggður þá lágu að baki ríkar ástæður til þess. Á þeim tíma jafnt sem í dag þarf fólk að taka ákvarðanir um barneignir og fjölda þeirra. Einstaklingurinn (parið) sem fer í ófrjósemisaðgerð hefur metið stöðu sína þannig að fyrir hann, fjölskylduna og þjóðfélagið sjálft þá sé það best að takmarka barneign á varanlegan hátt. Sú ákvörðun er iðulega byggð á því að fólk er búið að eignast þau börn sem það vill eiga. Það sýnir ábyrga afstöðu til barneigna og að fólk vill geta ráðið við þann fjölda barna sem það hefur eignast. Í því felst að hlúa vel að hverju barni svo það nái að þroskast og dafna.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það hafi fækkað barneignum í íslensku samfélagi. Það verður ekki skilið öðru vísi en svo að ríkið ætli sér að auka fjölda barna með því að taka af fólki þann rétt að geta farið í ófrjósemisaðgerð án endurgjalds. Það er sérkennilegt að íslenska ríkið ætli sér að stýra barneignum á þennan hátt og feta í fótspor þróunarlanda sem á árum áður reyndu að stýra fjölda barneigna í sínum löndum. Það var horfið frá slíkri hugmyndafræði á alþjóðlegu þingi um mannfjölda og þróun árið 1994. Þar var lagður grunnur að því að ætti að leggja áherslu á einstaklingsþarfir í stað þess að stýra barneignum (population control) af hálfu heilla landa.

Eins og kemur fram í skýrslunni (2016) „Heildarendurskoðun á laga nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu...“ kemur fram að frá árinu 2006 hafa fleiri karlmenn farið í ófrjósemisaðgerð en konur og hefur fjöldi þeirra farið stöðugt vaxandi. Breytingin var í jafnréttisátt. Konur höfðu fram að því þurft að bera nánast eingöngu ábyrgð á notkun getnaðarvarna og þótti það sjálfsagður hlutur. Eftir því sem fleiri karlmenn hafa sýnt þá ábyrgð að binda endi á sína frjósemi hefur það hvatt aðra karlmenn til

dáða. Eitt af mjög mikilvægum málefnum á sviði kynheilbrigðis er jöfn staða kynjanna. Það að karlmenn velji að fara í slíka aðgerð er eitt af mjög mikilvægum málefnum sem styður þann jöfnuð.

Það er alveg ljóst að ef fólk þarf að greiða fyrir ófrjósemisaðgerðir þá mun draga úr eftirspurn þeirra. Það mun þýða fleiri óvelkomnar þunganir, einmitt meðal þeirra sem hafa minnst milli handanna. Það er mikilvægt að í hverju samfélagi sé stutt við fólk til að geta á farsælan hátt tekið ákvarðanir um fjölda barna í fjölskyldu. Á mörgum alþjóðlegum þingum og í réttarskjali Alþjóðasamtaka um kynheilbrigði (World Association for Sexual Health=WAS) frá 2014 er lögð áhersla á rétt fólks til að ákveða með barneign. Í 12. gr. réttindaskjals WAS er lögð áhersla á eftirfarandi:

Réttur til að ákveða hvort einstaklingurinn vilji eignast barn, fjölda barna og bil milli barneigna og hafa upplýsingar og aðstöðu til þess að taka slíka ákvörðun

Sérhver einstaklingur á rétt á að ákveða hvort hann vilji eignast barn, fjölda barna og bil milli barneigna. Til að framfylgja þessum rétti þarf einstaklingurinn að hafa aðgang að þjónustu sem stuðlar að almennu heilbrigði og vellíðan hans. Þar með talin er kynheilbrigðisþjónusta sem veitir meðgönguvernd, ráðgjöf um getnaðarvarnir, frjósemi, þungunarrof og ættleiðingu.

Í þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eru sett fram ákveðin markmið sem sérstaklega eru mikilvæg varðandi barneignir. Þau eru: a) stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar og b) Jafnrétti kynjanna verði tryggt og staða allra kvenna og stúlkna styrkt. Hefur Ísland samþykkt að vinna að þessum heimsmarkmiðum.

Í þessu samhengi er mikilvægt að minnst þess að þegar fólk hafði ekki stjórn á barneignum og getnaðarvarnir lítt aðgengilegar þá átti það mun fleiri börn en það réð við og var bæði mæðradauði og ungbarnadauði mjög hár.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka um kynheilbrigði

Sóley S. Bender, formaður
Samtök um kynheilbrigði
s. 863 4314, ssb@hi.is